

að koma íslenzkunni inn hjá þeim. Verðum að færa okkur í nyt alt, sem guð hefur gefið okkur til þess. Fallegar myndir og söngur eru nauðsynleg til þess. Áriðandi er, að íslenzkan komi til þeirra í sambandi við það, sem fallegt er. Að þau kynnist henni einmitt á þann hátt. Að fyrstu og varanlegustu hugmyndir þeirra um málið okkar og þjóðernið verði í geislaljósi hins *fagra*, en ekki í rökkri hins ljóta og líualega.

Hingað til hefur að mestu leyti viðkvæðið virst vera þetta: Það er nóg gott fyrir börnin! Ekki riður á að vanda það, úr því það á að vera fyrir börnin! Ekki hafa þau neitt vit á því!

Skönni í hattinn sinn ætti hver að fá, sem talar síkt, eða þá duglega „á hamm“.

Það er ekkert of fallegt fyrir börnin.

Nú kemur kirkjuþing saman. Ætti það í verkinu að sýna, að það áliti ekki unglunga-málið sér nær því óviðkomandi eða telji það með hinum minni háttar málum. Ætti það að sýna, að það skilji köllun sína, með því að skipa því sæti með öndvegis-málum sínum. Og gera eitthvað, sem gagn er að. Treysta því, að börnin endurgjaldi.

Þau endurgjalfa alt, sem gert er fyrir þau að gagni. Engir gjalda eins háa vexti af því, sem varið er þeim til gagns og góða, eins og börnin og unglingsarnir. Það er áreiðanlegt.

### *HLÝDIÐ!*

Í stórri borg einni fyrir nokkru var húsbruni eins og oft kemur fyrir. Stórhýsi eitt úr múnsteini var að brenna. Slökkviðið var kemið. Mönnunum með vatnsslöngurnar hafði verið skipað að standa með þær undir veggnum, sem vissi fram að strætinu. Peir gátu ekki í senn veitt múnnum eftirtekt og séð um að beina rétt vatnstraumnum í eldinn. Vegginn létu peir því eiga sig, en hugsuðu eingöngu um að stjórna rétt slöngunum.

En sá, sem alla stjórн hafði á hendi, höfðinginn þeirra, tók vel eftir hættu þeirri, er peir voru staðdir í. Og þótt hann